

# Endurskoðun á viðmiðunarreglum fyrir úthlutun sérkennslustunda

Birna Svanbjörnsdóttir, Elín Magnúsdóttir, Halldór Gunnarsson, Helga Sigurðardóttir,  
Líney Helgadóttir, Sigríður Ása Harðardóttir, Svanhildur Daníelsdóttir, Þorgerður  
Guðlaugsdóttir, Þórhildur Helga Þorleifsdóttir

Mars 2007

## Efnisyfirlit

1 Inngangur .....	2
2 Umfjöllun starfshóps .....	4
3 Meginniðurstöður og úrræði .....	8
4 Tillögur um viðmið við úthlutun sérkennslustunda .....	11
5 Leslisti .....	12
6 Fylgiskjöl .....	14
Erindisbréf starfshóps .....	14
1. fundur .....	16
2. fundur .....	17
3. fundur .....	20
4. fundur .....	22
5. fundur .....	24
6. fundur .....	25
7. fundur .....	27
8. fundur .....	29
9. fundur .....	31
10. fundur .....	33
11. fundur .....	35
12. fundur .....	36
13. fundur .....	37
Sérbókun .....	38

## 1 Inngangur

Skólanefnd samþykkti í maí 2006 að stofna starfshóp sem samkvæmt erindisbréfi dagsettu 19.10.06. (sjá fylgiskjal) er ætlað að endurskoða viðmiðunarreglur fyrir úthlutun sérkennslustunda og skoða hvað hægt er að gera til að fjármagnið komi sem flestum til góða og styðji við skólastefnu Akureyrarbæjar.

Starfshópurinn samanstendur af fulltrúum allra grunnskóla bæjarins auk fjölskyldudeildar og skóladeildar og kom fyrst saman 19. október og fundaði reglulega upp frá því fram í mars 2007, alls 13 sinnum. Birna Svanbjörnsdóttir sérfræðingur á skólaþróunarsviði HA var skipuð í nefndina af hálfu skóladeildar en hún stýrði vinnunni og hélt skráningu yfir vinnu hópsins. Eftirtaldir aðilar voru skipaðir í starfshópinn:

Elín Magnúsdóttir – Glerárskóla  
Halldór Gunnarsson – fulltrúi skólastjóra  
Helga Sigurðardóttir – Brekkuskóla  
Líney Helgadóttir – skólateymi fjölskyldudeild  
Sigríður Ása Harðardóttir – Síðuskóla  
Svanhildur Daníelsdóttir – Oddeyrarskóla  
Þorgerður Guðlaugsdóttir – Giljaskóla  
Þórhildur Helga Þorleifsdóttir – Lundarskóla

Á fyrsta fundi hópsins afhenti Gunnar Gíslason deildarstjóri skóladeildar Akureyrarbæjar fundarmönnum möppu með ýmsum gögnum um sérkennslumál og skólamál almennt, þ.e skólastefnu Akureyrarbæjar, viðmiðunarreglur við úthlutun sérkennslustunda, tölulegar upplýsingar og ýmsar skýrslur og stefnur sem hann lagði til að yrðu skoðaðar með hliðsjón af vinnunni.

Fyrstu fundir starfshópsins fóru í að ræða hvernig sérkennslumálin væru útfærð í skólunum nú og gerði hver skóli í stuttu máli grein fyrir fyrirkomulaginu í sínum skóla. Í framhaldinu voru kostir þess og gallar ræddir. Fyrir annan fund var þess vænst að gluggað hefði verið í efni möppunnar en svo var rýnt nánar í ákveðnar greinar og texta fyrir hvern fund og rætt út frá þeim. Þegar á leið vinnuna var bætt við greinum til lestrar og skoðunar (sjá leslista) og rýnt í núverandi viðmið fyrir úthlutun sérkennslustunda.

Lögð var áhersla á að sú umræða sem fram færi á fundum starfshópsins endurspegladist í skólunum. Fundargerðir fylgja með sem fylgiskjöl.

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir umfjöllunarefnum starfshópsins þar sem lagðar eru áherslur á þá sýn að allir nemendur séu einstakir og eigi rétt á námi við hæfi og að það sé einkum hlutverk sérkennara að greina námsþarfir nemenda og veita kennurum, nemendum og foreldrum stuðning og ráðgjöf til að mæta þörfum nemenda. Starfshópurinn telur brýnt að vinna með nemendum án þess að aðgreina þá eins og Skólafélag Akureyrarbæjar kveður á um og að lögð sé áhersla á sameiginlega sýn innan skóla varðandi sérkennslumál, fjölbreytta starfshætti og samvinnu kennara. Lagt er til að reynt verði að draga úr því að greiningar þurfi að liggja fyrir til að úthlutað verði fjármagni til sérkennslu og að skólar geri rökstudda áætlun um hvernig þeir hyggist mæta þörfum allra nemenda.

## 2 Umfjöllun starfshóps

Í Skólafestfna Akureyrarbæjar er rík áhersla lögð á einstaklingsmiðað nám þar sem taka skal mið af þörfum hvers og eins nemanda og forðast mismunun. Kennurum er uppálagt að hafa nemendur í brennidepli og líta á hvern og einn sem einstakling og bæði styrkja hann einan og sér og einnig nemendahópin sem heild.<sup>1</sup> Starfshópurinn telur mikilvægt að forðast að stimpla nemendur og nauðsynlegt að vinna með nemendum án þess að aðgreina þá. Rætt var um að í bekkjardeild sé eðlilegt að þroskabil spanni 4 ár en þar með sé ekki sagt að þörf sé fyrir sérkennslu heldur að komið sé til móts við hinar mismunandi þarfir enda hver nemandi einstakur.

Í bókinni Aukin gæði náms eru námsþarfir skilgreindar sem bilið milli stöðu nemanda hverju sinni og þess sem skólinn krefst af honum. Þar kemur fram að ef bilið er mikið gengur námið illa og námsörðugleikar skapast. Þannig eiga námserfiðleikar einkum rætur að rekja til þeirra námsaðstæðna sem barn býr við fremur en takmarkana hjá barninu sjálfu og hvaða barn sem er getur einhvern tíma á skólagöngu sinni mætt námserfiðleikum. Með því að meta þarfir, áhuga og getu nemenda og koma til móts við þær með réttum vinnubrögðum ættu kennarar að geta minnkað bilið sem veldur námserfiðleikum og hjálpað nemendum sínum að ná árangri og sigrast á hindrunum. Ef kennarar gera þetta ekki geta þeir valdið námserfiðleikum á sama hátt og þeir geta komið í veg fyrir þá með því að vinna á fyrrgreindan hátt.<sup>2</sup> Kennarar gætu hins vegar þurft stuðning við að meta námsþarfir nemenda sinna og þar gæti sérkennari veitt aðstoð.

Rætt var um að hugtakið *sérkennsla* væri aðgreinandi í sjálfu sér og tími til kominn að finna annað hugtak sem hentaði betur, t.d. námsaðlögun. Að mati starfshópsins er sérkennsla aðgreinandi eins og hún virðist gjarnan vera útfærð, þ.e. að taka nemendur úr tímum og kenna þeim einum eða í litlum hópum. Starfshópurinn var sammála um eftirfarandi skilgreiningu á *sérkennslu* og hlutverki *sérkennara*:

---

<sup>1</sup> Skólafestfna Akureyrarbæjar 2006.

<sup>2</sup> Rúnar Sigþórsson, Børkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West 2005.

*Sérkennsla felst í því að greina námsþarfir nemenda og finna efni og leiðir sem henta ólíkum nemendum að ná markmiðum sínum með náminu. Koma til móts við nemendur á þeirra forsendum og virkja þá í eigin námi.*

*Sérkennarar vinni í vissum tilvikum beint með nemendum en mest með bekkjarkennurum, veiti þeim ráðgjöf og stuðning og aðstoði þá við að mæta þörfum nemenda sinna. Þeir veiti einnig foreldrum og nemendum ráðgjöf og vinni með þeim.*

*Sérkennari aðstoði kennara við að búa til einstaklingsáætlanir og fylgist með því að þeim sé fylgt eftir, bæði fyrir námslega sterka nemendur og slaka nemendur.*

Leggja þarf mikla áherslu á að efla lærdómsmenningu þar sem skólar skapa sér sameiginlega sýn og hafa sameiginleg gildi. Samkvæmt nýrri rannsókn dr. Önnu Kristínar Sigurðardóttur á tengslum lærdómsmenningar og árangurs skóla er lærdómsmenning sú þekkingarsköpun sem byggir á sameiginlegri ígrundun starfsfólks í daglegu starfi þannig að sameiginleg sýn myndist og hópurinn stefni í sömu átt. Kennarar spyrja sig lykilspurninga um hver árangur nemenda sé á öllum sviðum og er sterk lærdómsmenning nauðsynlegur grunnur að stöðugri þróun skólastarfs. Fagleg umræða starfsfólks og ígrundun á daglegu starfi geta af sér nýja þekkingu sem nýtist innan hópsins og skilar árangri fyrir skólasamfélagið.<sup>3</sup> Að mati samstarfshópsins var talið mikilvægt að fá inn fjölbreyttar starfsstéttir í skólana í auknum mæli, s.s. þroskaþjálfara, iðjuþjálfara, leikara og myndlistarmenn til að fá breiðari sýn og víðari þekkingu í skólastarfið. Vinna þarf markvisst með viðhorf kennara og annars starfsfólks og fá hugmyndir frá þeim um hvernig vinna megi með *sérkennsluna* á skilvirkan hátt.

Hegðunarvandamál falla oft undir sérkennsluúrræði en nýleg könnun á hegðunarvanda í grunnskólum bendir til mikilvægi jákvæðra viðhorfa hjá kennurum varðandi hegðunarvanda barna. Í þeim skólum þar sem kennarar höfðu jákvætt viðhorf til barnanna og lögð var áhersla á að sníða skólastarfið að þörfum þeirra og öflugt samstarf var við foreldrana voru hegðunarvandamál lítil.<sup>4</sup> Til að kenna öllum að lifa hamingjusamlega saman í samfélaginu þarf að kenna þeim saman<sup>5</sup> en hvernig er hægt að gera það án þess að setja á þá merkimiða og draga úr sjálfstrausti þeirra? Til að koma sem mest í veg fyrir stimplun eða aðgreiningu nemenda þarf að mati starfshóps að leggja

---

<sup>3</sup> Anna Kristín Sigurðardóttir 2006.

<sup>4</sup> Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns 2006.

<sup>5</sup> Schwarz, P. 2007.

áherslu á að nemendur fái ekki ákveðinn tímafjölda vegna greiningar heldur fái skólinn ákveðið fjármagn til að koma til móts við þarfir nemenda en það væri t.d. hægt að gera með breyttum starfsháttum kennara, fjölbreyttum kennsluaðferðum og teymisvinnu. Það mætti hugsa sér að breyta viðmiðunum við úthlutun sérkennslufjármagns þannig að ákveðinn hluti fjármagns væri óskilgreindur en deildist á skólana óháð greiningum. Skólastjórnendur fengju þá aukið svigrúm til að ráðstafa þessu fé eftir þörfum og gætu hugsanlega nýtt hluta af því fjármagni til kennara sem greiðslu fyrir aukið vinnuálag við innleiðingu breyttra starfshátta, þ.e. teymisvinnu og ráðgjöf frá sérkennurum og sérfræðiþjónustu. Í skólunum eru nú starfandi þjónustuteymi sem hittast reglulega vegna fatlaðra nemenda og mætti hugsa sér slík þjónustuteymi í fjölbreyttum tilgangi í skólastarfi, bæði hvað varðar einstaklinga og bekkjarvinnu. Ef kennarar fá aðstoð við að breyta starfsháttum má ætla að þeir geti í auknum mæli komið til móts við ólíkar þarfir nemenda og þannig dregið úr þörfinni fyrir sérstakan stuðning.

Vitað er að ákveðið hlutfall nemenda er með ADHD, að jafnaði um 1–2 börn í bekk eða 3–5% grunnskólabarna og óyrta námsörðugleika en undir þann flokk má ætla að um 5% barna falli.<sup>6</sup> Því ætti ekki að þurfa að liggja fyrir greining slíkra nemenda til úthlutunar heldur gera ráð fyrir að þeir séu til staðar og veita fjármagni sem því svarar inn í úthlutunina. Í mörgum tilfellum getur þó verið nauðsynlegt að greiningar liggi fyrir til að meta sterkar og veikar hliðar nemenda til að geta betur komið til móts við þarfir þeirra, brugðist rétt við og veitt nauðsynleg úrræði.

Ekki er hægt að ganga að því sem vísu að kennarar tileinki sér nýja starfshætti án stuðnings og ráðgjafar og mætti hugsa sér að ákveðinn hópur kennara skólans sæi um stuðning og ráðgjöf. Í stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu er fjallað um aðferða- og úrræðakennara sem eru samherjar bekkjarkennara, veita þeim ráð um kennsluaðferðir og skipulag og vinna með þeim á fjölbreyttan hátt til að stuðla að árangursríkri vinnu með ólíkum nemendum saman. Þessir kennarar geta ýmist verið sérkennarar eða aðrir vel menntaðir kennarar sem njóta trausts kennarahópsins.<sup>7</sup> Einnig mætti hugsa sér að þessir kennarar gætu aðstoðað bekkjarkennara við að koma á samvinnu og jafningjafræðslu meðal nemenda.

---

<sup>6</sup> Smith, Polloway, Patton og Dowdy. 2001.

<sup>7</sup> Stefna fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu 2002.

Mikill samhljómur er milli niðurstaðna starfshópsins og hugmynda Ragnheiðar Gunnbjörnsdóttur sem birtast í meistaraþrófsritgerð hennar um einstaklingsnámskrár en þar bendir hún m.a. á mikilvægi raunverulegrar samvinnu kennara, jákvæðra viðhorfa, ábyrgðar þeirra og ígrundunar í starfi. Hún bendir einnig á mikilvægi þess að sérkennarar veiti bekkjarkennurum ráðgjöf og haldi utan um skipulagningu náms við hæfi án aðgreiningar fyrir alla nemendur.<sup>8</sup> Starfshópurinn telur einnig brýnt að skoða hvernig sérdeildir og ráðgjafar annars staðar frá geta komið með fræðslu og stuðning inn í skólana og eins hvernig stuðningsfulltrúar nýtast í skólastarfinu.

---

<sup>8</sup> Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir 2006.



### 3 Meginniðurstöður og úrræði

Samstarfshópurinn telur mikilvægt að grípa til aðgerða sem fyrirbyggja aðgreiningu og auka námsaðlögun og telur skorta á sameiginlega sýn og skilning starfsfólks skóla á því hvað námsaðlögun/*sérkennsla* er og hvernig henni verður best við komið. Meginniðurstöður starfshópsins varðandi breytingu á úthlutunarreglum og starfsháttum sem viðkoma *sérkennslu* eru eftirfarandi:

- Unnið verði að því að móta sameiginlega sýn og heildarstefnu um *sérkennslumál* í skólunum og sammælst um hugtak yfir *sérkennara* og *sérkennslu* sem ekki er aðgreinandi.
- Innra skipulag *sérkennslunnar* verði endurskoðað, dregið úr því að nemendur séu teknir út úr bekk og þeim kennt sér en aukin verði ráðgjöf, stuðningur og samstarf frá *sérkennurum*, sérdeildum og sérskólum til að mæta þörfum nemenda með fjölbreyttum leiðum.
- Lögð verði áhersla á vinnufyrirkomulag kennara, efla fagleg kennarateymi (eða koma á tveggja kennara kerfi), samvinnu og auka ábyrgð kennaranna. Byggja þarf upp stuðning við kennara og hjálpa þeim áfram, t.d. með aðstoð aðferða- og úrræðakennara.
- Sérkennslutímum verði ekki sérstaklega úthlutað vegna ADHD greininga, óyrtra námserfiðleika og hegðunarraskana en gert ráð fyrir að um sé að ræða 5-7% nemenda að jafnaði sem tilheyra þessum hópi og að úthlutað verði fjármagni til skóla með tilliti til þess.
- Útbúin verði áætlun um móttöku nemenda úr sérskóla í heimaskóla þar sem gert er ráð fyrir eftirfylgni, úrræðum og samvinnu.

Eftirfarandi leiðir mætti fara til að koma á áherslubreytingum í *sérkennslumálum*:

- Fara í gegnum „The Design Down Process“ sem á íslensku mætti kalla „undirbúningsferli hönnunar, frá hinu almenna til hins sérstæða“ en það er aðferð sem þróuð var í Bandaríkjunum upp úr 1990 og var fyrst kynnt hér á landi árið 2000 að frumkvæði Gerðar Óskarsdóttur fræðslustjóra í Reykjavík.<sup>9</sup> Hugmyndafræði aðferðarinnar felst í því að hugsa nútímalega og til framtíðar og vera óhræddur við að brjóta aldagamlar hefðir. Lögð er áhersla á að tengja skólastarf nemenda við það sem er að gerast hjá fjölskyldum þeirra, atvinnulífi og samfélagi, taka mið af möguleikum upplýsingatækninnar, beita markmiðssetningu í skólastarfi og líta á skólagöngu sem lið í símenntun einstaklinga sem stendur alla ævi.<sup>10</sup> Aðferðin var notuð við undirbúning að hönnun Naustaskóla á Akureyri.
- Skoða mannauð skólanna og hvernig hann getur nýst til ráðgjafar og stuðnings öðrum innan hvers skóla en einnig milli skóla.
- Að skólarnir nýti sér það framboð af námskeiðum sem í boði eru varðandi mismunandi einkenni nemenda, s.s. kennslu einhverfra, og afli sér þekkingar um hvernig árangursríkast sé að kenna ólíkum nemendum saman.
- Þjóða kennurum upp á námskeið í samvinnu og samskiptum þar sem þeim eru kennd ýmis skipulagsatriði og vinnubrögð til að breyta starfsháttum. Mikilvægt er að styrkja kennara í kennslufræðilegum þáttum þar sem þeir vinna saman og deila ábyrgð á nemendum en sýnt hefur verið fram á að þættir eins og samvinna í kennslustörfum og námi, árangursrík kennsla og blandaður nemendahópur skiptir miklu máli varðandi nám án aðgreiningar.<sup>11</sup> Með samvinnu í kennslustörfum kennara er átt við samstarf sem á sér stað bæði í námsaðstæðum nemenda og á samstarfsfundum kennara.
- Mynda kennarateymi sem bera ábyrgð á ákveðnum hópi nemenda.
- Styrkja *sérkennara*, koma á samvinnu milli þeirra og bjóða þeim utanaðkomandi ráðgjöf og stuðning til að takast á við breyttar áherslur í starfi.
- Koma á leshringjum meðal kennara, kennslufræðilegum umræðum og ígrundun.

---

<sup>9</sup> Halldóra Kristín Magnúsdóttir og Anna Kristín Sigurðardóttir 2003.

<sup>10</sup> Gerður G. Óskarsdóttir 2001.

<sup>11</sup> Nám án aðgreiningar og árangursríkt starf í kennslustofunni 2003.

- Gera úttekt á félagslegri stöðu nemenda og nemenda með ADHD á Akureyri.

Skólar geta leitað sér stuðnings og ráðgjafar frá utanaðkomandi aðilum við að framfylgja fyrirnefndum þáttum, t.d. til skólaþróunarsviðs HA, fjölskyldudeildar og skóladeildar Akureyrarbæjar.

## 4 Tillögur um viðmið við úthlutun sérkennslustunda

Starfshópurinn leggur til að reynt verði að draga úr því að greiningar þurfi að liggja fyrir til að úthlutað verði fjármagni til sérkennslu. Þannig verði hluta af því fjármagni sem varið er til sérkennslu úthlutað til hvers skóla svo honum gefist aukinn sveigjanleiki til að mæta þörfum tiltekinnar nemenda. Allir nemendur eru einstakir, hafa mismunandi þarfir og eiga rétt á námi við hæfi. Vitað er að um 5-7% nemenda að jafnaði eru með ADHD, óyrta námserfiðleika og hegðunarraskanir og er lagt til að úthlutað verði tímum til skólanna með tilliti til þess.

Horfið verði frá því að líta svo á að úthlutanir til sérkennslu séu merktar tilteknum nemendum. Við áætlanagerð hvers árs verði lögð áhersla á að skólinn geri rökstudda áætlun um hvernig hann hyggst mæta þörfum allra nemenda. Áætlanir skulu yfirfarnar af ráðgjöfum skólateymis og skulu þeir hafa eftirfarandi í huga við mat á áætlunum:

- Hvernig skólinn hyggst mæta nemendum með greiningar sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir fjárveitingu til.
- Hvernig skólinn hyggst mæta nemendum með greiningu á einhverfurófinu t.d. með ódæmigerða einhverfu. Greiningar frá FSA teymi og Greiningarstöð ríkisins liggja til grundvallar.
- Hvernig skólinn hyggst mæta nemendum með CP fötlun þegar hún er a.m.k. eitt staðalfrávik frá meðaltalinu. Greiningar frá FSA teymi og Greiningarstöð ríkisins liggja til grundvallar.
- Hvernig skólinn hyggst mæta nemendum vegna mikilla geðraskana, s.s. kvíða og þunglyndi með greiningar frá barnalæknum og barna- og unglingsgeðlæknum.
- Hvernig skólinn hyggst mæta nemendum með mikla sjón- og heyrnarskerðingu.
- Hvernig skólinn hyggst mæta nemendum með miklar málþroskaraskanir eða vægari þroskaraskanir.

Skólateymi leggur mat á áætlun skólans og gerir tillögur til skóladeildar um úthlutun.

Mikilvægt er fyrir skólana að geta leitað til Akureyrarbæjar um aðstoð ef stór frávik koma upp hjá nemendum eftir að skólastarfið er hafið og búið að gera allar ráðstafanir.

Fulltrúar Glerárskóla og Brekkuskóla sendu frá sér sérbókun þess efnis að: *...þeir skólar sem ekki hafa sérdeildir fái úthlutað ákveðnu tímamagni til að jafna þann mismun í þjónustu við nemendur sem skapast hefur milli skóla.* (sjá fylgiskjal).

## 5 Leslisti

Anna Kristín Sigurðardóttir. 2006. *Studying and Enhancing the Professional Learning Community for School Effectiveness in Iceland*. The University of Exeter.

*Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti. Tillögur.* 2006. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Eiríkur Brynjólfsson. 2007. Hver einasti nemandi er sérstakur. *Glæður* 17:42–45.

Gerður G. Óskarsdóttir. 2001. *Lýsing á undirbúningsferli hönnunar frá hinu almenna til hins sérstæða*. Design Down Process.

Halldóra Haraldsdóttir og Álfhildur Vilhjálmsdóttir. 1999. *Sérkennsla í grunnskólum á Akureyri 1998–1999*. Könnun unnin fyrir Skólaskrifstofu Akureyrar.

Halldóra Kristín Magnúsdóttir og Anna Kristín Sigurðardóttir. 2003. *Niðurstöður vinnuhóps um undirbúning að hönnun viðbyggingar við Hvolsskóla*.

Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns. 2006. „*Gullkista við enda regnbogans*“ *Rannsókn á hegðunarvanda í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2005–2006*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

*Lykilatriði á sviði sérkennslu. Leiðarvísir fyrir stefnumótandi aðila.* 2003, Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu.

*Lýsing á undirbúningsferli hönnunar frá hinu almenna til hins sérstæða*. Design Down Process. 2001. Gerður G. Óskarsdóttir tók saman.

*Menntun fyrir alla. Yfirlýsing sett fram á alþjóðaráðstefnu UNESCO í Dakar árið 2000.* 2002. Menntamálaráðuneytið.

*Nám án aðgreiningar og árangursríkt starf í kennslustofunni.* 2003. Evrópumíðstöð fyrir þróun í sérkennslu. Yfirlitsskýrsla.

Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir. 2006. „*Að taka þátt í starfi bekkjarins*“. *Rannsókn á hlutverki einstaklingsnámskrá fyrir nemendur með sértækar þarfir*. Meistaraprófsritgerð frá Háskólanum á Akureyri.

Rúnar Sigþórsson, Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West. 2005. *Aukin gæði náms. Skólaþróun í þágu nemenda*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Schwarz, Patrick. 2007. Special Education: A Service, Not a Sentence. *Educational Leadership*. 64:39-42.

*Sérkennsla – Nám án aðgreiningar og árangursríkt starf í kennslustofunni. 2003.*  
Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu.

*Sérkennsla í Evrópu.* Efnistengt rit. 2003. Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu með framlagi frá EURYDICE.

*Skjöldur við Hlíðarskóla Akureyri. Úrræði fyrir börn með alvarlegar geð- og þroskaraskanir.* Samstarf skóladeildar, fjölskyldudeildar, heilsugæslu og barna- og unglingageðdeildar FSA.

Smith, Polloway, Patton og Dowdy. 2001. *Teaching Students with Special Needs in Inclusive Settings.* Bostom. Allyn og Bacon.

Stefna fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu. 2002. Fræðsluráð Reykjavíkur.

*Stefnumótun um sérkennslu í grunnskólum. Byggð á stefnu Mosfellsbæjar.* 2004.

Stoll, Louise. 1999. *The Power of School Culture in School Improvement.* Presented at Innovations for Effective Schooling Conference Lakeshore Convention Centre Auckland, New Zealand.

*Stúlkur í vanda. Hvað er til ráða?* 2006. Greinargerð vinnuhóps.

*Undirbúningur að hönnun Naustaskóla. Niðurstöður vinnuhóps.* 2006. Birna Svanbjörnsdóttir tók saman.

Upplýsingar um viðmið til sérkennsluúthlutunar í bréfum frá fulltrúum Garðabæjar, Hafnarfjarðar og Kópavogs. 2006.

Valgerður Magnúsdóttir. 2005. *Bætt þjónusta Félagssviðs Akureyrarbæjar við börn með hegðunarerfiðleika og geðraskanir.*

Ørsted Andersen, Frans. Felst velgengni Finna í Pisa-rannsóknnum í smáu atriðunum? Almenn kennsl og sérkennsla í Finnlandi. 2007. *Glæður* 17:12–17.

## 6 Fylgiskjöl

### **Erindisbréf starfshóps**

#### **Endurskoðun á viðmiðunarreglum um úthlutun kennslustunda til sérkennslu**

Skólanefnd gerði eftirfarandi bókun á fundi sínum þann 15.05 2006

“Endurupptekin erindi frá Glerárskóla og Brekkuskóla frá síðasta fundi. Fyrir liggur greinargerð um viðmið við úthlutun sérkennslustunda frá Elínu Sigurbjörgu Jónsdóttur sérkennsluráðgjafa skólateymis. Karl Erlendsson skólastjóri og Helga Sigurðardóttir kennari í Brekkuskóla og Úlfar Björnsson skólastjóri Glerárskóla mættu á fundinn undir þessum lið og gerðu grein fyrir umsóknum sínum.

**Skólanefnd samþykkir að Glerárskóli fái 15 stundir til viðbótar af sérkennslustundakvóta og Brekkuskóli 5 stundir. Þá eru eftir 14 stundir til að mæta tilfallandi verkefnum næsta haust. Skólanefnd samþykkir einnig að stofna starfshóp til þess að endurskoða viðmiðunarreglur fyrir úthlutun sérkennslustunda og skal hann hafa lokið störfum eigi síðar en í lok þessa árs. Er lagt til að allir grunnskólarnir eigi fulltrúa í hópnum auk fulltrúa frá skóladeild, fjölskyldudeild”**

Samkvæmt tilnefningum aðila er starfshópurinn þannig skipaður:

Elín Magnúsdóttir – Glerárskóla

Svanhildur Daníelsdóttir - Oddeyrarskóla

Sigríður Ása Harðardóttir – Síðuskóla

Helga Sigurðardóttir – Brekkuskóla

Halldór Gunnarsson – fulltrúi skólastjóra

Þorgerður Guðlaugsdóttir - Giljaskóla

Líney Helgadóttir - skólateymi fjölskyldudeild

Þórhildur Helga Þorleifsdóttir - Lundarskóla

Birna Svanbjörnsdóttir - sérfræðingur á Skólaþróunarsviði HA, fulltrúi skóladeildar.

Birna mun stýra vinnunni og halda skráningu yfir vinnu hópsins.

Þá mun undirritaður sitja suma fundi starfshópsins.

Tilgangur starfshópsins er að fara yfir þær viðmiðunarreglur sem unnið hefur verið eftir við úthlutun fjármagns/kennslustunda til grunnskólanna vegna sérkennslu. Hópnum er ætlað að haf skólastefnu Akureyrarbæjar að leiðarljósi ásamt niðurstöðum sem fram koma í skýrslum sem unnar hafa verið fyrir skóladeild á undanförunum árum. Þegar horft er til skólastefnunnar er eðlilegast að hafa eftirfarandi texta í framtíðarsýn í huga:

*Með bókvit, verksvit og síðvit að leiðarljósi fái sérhver nemandi hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn, áhuga, hæfileika og sköpunargleði.*

Og eftirfarandi kafla úr Inngangi:

Nám felur í sér að hverjum einstaklingi er gert kleift að uppgötva, afhjúpa og efla sköpunarmátt sinn svo í ljós komi sá fjársjóður sem er falinn innra með öllum.

Aðalsmerki hvers kennara er að hafa barnið eða unglinginn í brennidepli og líta á hvern nemanda sem einstakling. Hann reynir að stuðla að frjórri hugsun nemenda, sjálfstæðum vinnubrögðum þeirra, fjölbreyttri tjáningu og skilningi þeirra á sjálfum sér og umhverfinu en ekki síður að leikni þeirra og færni til að takast á við margvísleg verkefni, að tilfinningum þeirra, viðhorfum og siðgæði. Kennarar þurfa annars vegar að hafa í huga markmið sem beinast að samfélaginu og menningararfinum og hins vegar markmið sem höfða til nemandans sem einstaklings.<sup>12</sup>

Það er því mikilvægt að um leið og viðmið um úthlutun eða skiptingu fjármagns er skoðuð sé því velt upp hvernig skynsamlegast er að nýta það nemendum til sem mestra hagsbóta. Það hefur verið gefið út í skólastefnu að stefnt skuli að einstaklingsmiðun í námi í öllu skólastarfi. Til þess að ná því markmiði má fara ýmsar leiðir en þær verða aldrei markaðar ef ekki fer fram umræða um grundvallaratriði skólastarfsins og hinar almennu leiðir. Eins og fram kemur í stefnunni er gengið út frá því að engir tveir nemendur séu eins og því má velja því upp hvort allir nemendur séu ekki sérkennslunemendur í þeim skilningi.

**Er hægt að horfa þannig á viðmið um skiptingu fjármagns til sérkennslu að það komi sem flestum til góða í hverjum skóla? Hvað þarf þá til? Hjá skóladeild, fjölskyldudeild og grunnskólunum?**

Eins og sést í meðfylgjandi gögnum hefur tímafjöldi til sérkennslu vaxið töluvert en fjármagnið þó enn meir með tilkomu fleiri sérúrræða og má þar taka dæmi af Hlíðarskóla þar sem kostnaður í árslok 2005 var kr. 48.818.000,- en í fjárhagsáætlun 2007 er gert ráð fyrir kostnaði upp á kr. 86.403.000,-, eða hækkun um 77%. Hér er skýringin tilkoma úrræðis fyrir stúlkur í vanda.

Kostnaður vegna Skjaldar er áætlaður kr. 17.034.000,- á árinu 2007, þannig að kostnaður vegna reksturs sérúrræða í Hlíðarskóla í heild verður kr. 103.437.000,-. Af þessari tölu má áætla að kostnaður vegna 280 kennslustunda sé kr. 43.000.000,-, annar kostnaður fellur því til vegna þess að hér er um sérúrræði að ræða.

Hversu langt á að ganga í þessari þróun?

Akureyri 19.10.06

Gunnar Gíslason deildarstjóri.

---

<sup>12</sup> Ólafur Proppé. 1992. Kennarafræði, fagmennska og skólastarf. Uppeldi og menntun 1(1):227.



## **1. fundur**

### **Starfshópur um endurskoðun úthlutunarreglna í sérkennslu.**

**Þriðjudaginn 19. október 2006 í fundarsal á 2. hæð í Glerárgötu kl. 10-11.30**

#### **Efni fundar:**

Gunnar Gíslason gerði nýskipuðum starfshópi grein fyrir hlutverki sínu og afhenti öllum möppu með ýmsum upplýsingum um sérkennslumál og kynnti efni hennar lauslega.

#### **Minnispunktur frá fundinum:**

Hópnum ber að fara yfir viðmiðunarreglur.

Sérkennslustundir eru ávísun á fjármagn. Það er á ábyrgð hvers og eins skóla að skipuleggja hvernig þeim er háttað.

Kennarar þurfa að nýta sér þær bjargir sem bjóðast.

Líta þyrfti á sérkennara sem ráðgjafa í auknu mæli.

Hvernig nýtast stuðningsfulltrúar?

Færni kennara inn í skólum hefur aukist, það eru fleiri fagmenntaðir en það vantar meiri fjölbreytni.

Umræður um hversu lengi markviss lestrarkennsla væri viðhöfð í skólunum. Er hún almennt lengur en upp í 5. bekk?

Flestir yngri nemendur einu ári á eftir í málskilningi, þeir eru með talgalla, þá vantar samhljóðasambönd (hljóðmyndun).

Þörf á samræðu milli skólastiga. Af hverju skilar vinnan í leikskólunum sér ekki til grunnskólanna.

Fagleg umræða er mikilvæg í skólastarfinu. Mikilvægt að starfsmenn eyði tímanum með börnunum.

Vinna heildrænt með nemendum, ekki sértækt. Finna grunn að umræðum um ákveðna aðferð.

Er ástæða til að við setjum niður fastmótaða stefnu á Akureyri?

Stimplunaraðferðin er áberandi núna, er það rétta leiðin eða getum við unnið með nemendum án þess að aðgreina þá mikið?

Viðhorf innan stofnunar skiptir höfuðmáli, vitnað í nýlega rannsókn Ingvars Sigurgeirssonar þessu til stuðnings.

Beina þarf umræðunni í faglega átt.

Birna Svanbjörnsdóttir mun framvegis stýra vinnu. Gert er ráð fyrir afrakstri (skýrslu).

Næsti fundur var ákveðinn 31. október 2006 kl. 13.

Birna Svanbjörnsdóttir

## 2. fundur

### Starfshópur um endurskoðun úthlutunarreglna í sérkennslu.

**Þriðjudaginn 31. október 2006 í fundarsal á 4. hæð í Glerárgötu kl. 13-14.20**

#### Efni fundar:

Hvernig er sérkennslustundum ráðstafað í grunnskólum bæjarins, hvernig er fyrirkomulagið?

Fundurinn hófst á því að nýju efni var dreift til að setja í möppuna, þ.e. upplýsingar eða viðmið um sérkennsluúthlutun frá Garðabæ, Kópavogi og Hafnarfirði og Stefnumótun um sérkennslu í Mosfellsbæ.

Fulltrúar skólanna fjögurra sem mættir voru greindu frá fyrirkomulagi í sínum skólum.

#### Glerárskóli:

- Reynt að hafa bekkina minni en áður.
- Safnað 5-6 börnum úr mismunandi bekkjum og þeim kennt saman sem sérkennsluhóp.
- Lítið um einstaklingskennslu og ef svo er þá er það tímabundið, yfirleitt eru 2-3 börn saman.
- Iðjuþjálfari er í 80% stöðu við skólann (laun hans greidd af sérkennslukvóta). Hann skoðar heildina í yngri bekkjunum, hegðunarmál, skólafærni og leggur fyrir skynúrvinnsluþróf og tekur nemendur í hreyfiþjálfun (mjög mikið með tveimur nemendum).
- Stuðningsfulltrúar (fá greidda samstarfstíma og sinna ekki öðrum störfum í skólanum). Fengin hefur verið utanaðkomandi aðili til að skoða markvisst samskipti milli kennara og stuðningsfulltrúa.
- Elín kennir 5 tíma á viku, breytilegt hverjum.

#### Brekkuskóli:

- 25 tímar af 100 fara á eina einhverfa stúlku.
- Ekki einstaklingskennsla.
- Kennt í 12-14 manna hópum hjá eldri börnunum.
- Minni hópar á yngri barna stiginu, ½ klukkustundar kennslulotur í sérkennslunni.
- Á unglingsstiginu eru 19 nemendur sem fá stuðning, sumir 10 tíma á viku.
- Stuðningsfulltrúar eru í 1.- 4. bekkjum en þeir fá engan undirbúningstíma greiddan, þeir sinna einnig vistun í skólanum.
- Enging sérdeild við skólann.
- Hóparnir eru breytilegir, unnið þétt með þá og svo eru þeir útskrifaðir.
- Sérkennarar fara lítið inn í tíma.

#### Oddeyrarskóli: (sjá nánar samantekt sem Svanhildur dreifði á fundinum)

- Sérkennari og reynslumikill almennur kennari sjá um sértæk mál, lífsleikni og félagsfærni.

- Tveir almennir kennarar sjá um almennan stuðning á unglíngastigi í kynskiptum hópum.
- Þrír stuðningsfulltrúar í fullu starfi, einn hefur undirbúningstíma, reynt að hafa einn tíma á viku fyrir hina.
- Nemendur eru oftast teknir út í 4–5 manna hópum, aldursblandað m.t.t. getu og félagslegra þátta.
- U.þ.b. 20% nemenda skólans fá sérkennslu af einhverju tagi, sumir n.k. upplýftingu tímabundið.

Síðuskóli:

- Sérkennslutímarnir fara til nemenda með sértæka námsörðugleika, fötlun og/eða veikindi. Nokkrir nemendur hafa stuðningsfulltrúa í öllum kennslustundum, í frímínútum og í matartímum.
- Í skólanum er sérdeild fyrir einhverfa nemendur. Nám nemenda fer ýmist fram innan deildarinnar eða í heimabekkjum viðkomandi nemenda. Starfsfólk deildarinnar veitir ráðgjöf innan og utan skólans og er samstarf á milli kennara skólans og starfsfólks deildarinnar vegna nokkurra nemenda skólans.
- Tveir sérkennarar skipta í meginráttum með sér sérkennslu, annar á yngri barna stigi og hinn á eldra stigi.
- Sex stuðningsfulltrúar eru starfandi við skólann, allir fá greiddan undirbúningstíma.
- Þroskaþjálfarar eru í 3 stöðum við skólann, iðjuþjálfari í 1.3 og leikskólakennari í tæplega fullri stöðu eða 0.8% stöðu.
- Sérkennsla á yngri barna stigi er helst í lestri, stærðfræði og félagslegum þáttum. Yfirleitt er kennt í 4-5 manna hópum. Ýmist eru nemendur teknir úr tímum eða sérkennari kemur inn í bekk.
- Á eldra stigi koma nemendur til sérkennara, úr tveimur bekkjum í einu (6-8 nemendur) og þannig reynt að nýta tímana betur. Sérkennsla á eldra stigi er í íslensku, ensku og stærðfræði.
- 2ja kennara kerfi er að hluta til í 1. bekk. Mikið samstarf er á milli starfsfólks sem kemur að 3. og 4. bekk. Kennarar, stuðningsfulltrúar, sérkennari.

Að kynningunum loknum var rætt í hópnum hvað fólki fyndist um fyrirkomulagið og hvort hægt væri að finna aðrar leiðir til að koma til móts við þarfir allra. Stutt umræða var um að erfitt væri að samnýta tíma sem úthlutað væri á ákveðna einstaklinga og að það væri aldrei nóg af tímum. Í framhaldi af þessu var rætt um mikilvægi þess að kennsla væri við hæfi hvers og eins og að minni þörf væri fyrir sérkennslu ef námið yrði einstaklingsmiðað og skólastarfið sveigjanlegra en nú er. Einnig var lögð áhersla á að auka fjölbreytni starfshóps í skólunum, fá inn þroskaþjála, listamenn, leikara, tónlistarfólk, sálfræðinga og fleiri starfsstéttir í auknu mæli til samvinnu við kennara.

Að mati fundarmanna er skólastarfið of námsbókamiðað. Vinna þarf að því að hjálpa nemendum að vinna frá þeim stað sem þeir eru staddir í þroska og getu hverju sinni og horfa á gæði vinnunnar fremur en magnið. Kenna þarf nemendum samvinnu og kennarar og starfsfólk skólans þarf að vinna saman í teyllum meira en nú er.

Ákveðið var að lesa yfirlitsskýrsluna um **Nám án aðgreiningar og árangursríkt starf í kennslustofunni** undir flípa 7 í möppunni fyrir næsta fund og ræða innihald hennar á fundinum. Á fundinum verður einnig óskað eftir því að heyra hvernig fyrirkomulaginu er háttað í sérkennslumálum í Giljaskóla og Lundarskóla.

Næsti fundur verður mánudaginn 20. nóvember 2006 kl. 10–11 og verða fundirnir framvegis á mánudögum á sama tíma.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Birna Svanbjörnsdóttir

### **3. fundur**

#### **Starfshópur um endurskoðun úthlutunarreglna í sérkennslu.**

**Mánudaginn 20. október 2006 kl. 10-11.20 í stofu 12 í Þingvallastræti**

#### **Efni fundar:**

1. Yfirferð fundargerðar síðasta fundar
2. Upplýsingar frá fulltrúum Giljaskóla og Lundarskóla um fyrirkomulag sérkennslu hjá þeim
3. Umræða um greinina „Nám án aðgreiningar og árangursríkt starf í kennslustofunni“ undir flípa sjö í möppunni.
4. Ákveða hvað á að taka fyrir á næsta fundi

1. Engar athugasemdir voru við fundargerðirnar.

2. Giljaskóli:

- Margir mikið skertir einstaklingar sem þurfa sérhæfða vinnu. Í þeim tilfellum er m.a. fengin leiðsögn og ráðgjöf frá sérdeild og sérfræðingi frá skólaþróunardeild. Alltaf eru varamanneskjur til aðstoðar fyrir þessa einstaklinga.
- Ein staða þroskaþjálfara er við skólann.
- Reynt að hafa tveggja kennara kerfi eins og kostur er eða auka kennara til að hópskipta, t.d. í stærðfræði og íslensku eða senda nemendur í listgreinar.
- Í tveimur árgöngum er hefðbundin sérkennsla þar sem nemendur eru teknir út úr bekk
- Í unglingsdeild kemur sérkennari inn í bekkina og vinnur með umsjónarkennurum í ensku, íslensku og stærðfræði, u.þ.b. 15 tímar á viku í allt.
- Stuðningsfulltrúar eru í 1. bekk og þeir fá allir greidda undirbúningstíma.

Ræddur var sá vandi að foreldrar vilja gjarnan krefjast þess að stuðningsfulltrúar fylgi þeirra barna hvert fótmól en varast þarf merkingar og ganga út frá því að stuðningsfulltrúinn sé fyrir allan bekkinn.

Það er alltaf val foreldra í hvaða skóla þeir setja börn sín en fyrir vikið þarf að byggja mikið upp í mörgum skólum fyrir einstaka nemendur, s.s. þjálfunaraðstöðu og heitan pott. Það er meiri hagræðing ef hver skóli byggir upp mismunandi séraðstöðu eins og hugsunin er með nýbúadeild, einhverfudeild o.s.frv. Því er mikilvægt að foreldrar fái upplýsingar um þá aðstöðu sem hver skóli hefur upp á að bjóða og fái aðstoð við að velja stað fyrir barnið sitt.

Lundarskóli:

- Við skólann er starfrækt deild fyrir heyrnarskert börn og stendur hún svolítið og fellur með einum starfsmanni sem heldur utan um starfið þar. Mikilvægt er að fleiri en einn beri ábyrgð á starfseminni.
- Töluvert er um stuðningsfulltrúa í skólanum og þeir fá allir greidda undirbúningstíma.

-Mikið hugsað um nemendur sem þurfa mikla líkamlega aðstoð og nemendur með námsörðugleika.

-Sérkennarar taka nemendur mikið út úr tíma og kenna jafnvel einslega.

-Starfandi er Samver/athvarf (sérdeild) fyrir nemendur með geðveilur og/eða greindarskerðingu. Þar starfar einn kennari og tveir stuðningsfulltrúar. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem þarna eru og sérkennsla fer fram á hefðbundin hátt, einkum hjá eldri nemendum. Viðhorfið er annað hjá þeim sem starfa með nemendur á yngri barna stigi.

-Í einum árgangi er um að ræða tveggja kennara kerfi en þar er einnig einn stuðningsfulltrúi sem er ekki eyrnamerkur einu barni.

Fundarmenn voru sammála um það að ráðgjöf til kennara skipti gríðarlega miklu máli og teymisvinna kennara og samvinna (tveggja kennara kerfi).

3. Skiptar skoðanir voru um hversu vel greinin var uppsett og talið var vanta upplýsingar um hvernig verkefnið var unnið en engu að síður komust mikilvægar upplýsingar til skila og rætt var að það eru alltaf sömu niðurstöður sem koma fram varðandi mikilvæga þætti í skólastarfi en þó virðast breytingar hjá kennurum litlar sem engar.

Rætt var mikilvægi þess að hafa markmiðin með skólastarfi skýr og gera ráð fyrir því að nemendur séu ólíkir og stefni að mismunandi markmiðum með mismunandi leiðum. Allt of mikil áhersla sé lögð á greinakennslu í skólastarfi en nemendum ekki kennd samskipti og hópvinna. Nemendum er gjarnan getuskipt og námsbækur ráða ferðinni.

Hvað er hægt að gera til að kennarar tileinki sér þá þætti í skólastarfinu sem taldir eru mikilvægastir til árangurs varðandi nám án aðgreiningar samkvæmt yfirlitsskýrslu Evrópumíðstöðvarinnar 2003, þ.e. samvinnu í kennslustörfum, samvinnu í námi, samstarf til lausn vandamála, sundurleita hópa og árangursríka kennslu?

Veita ráðgjöf

Gefa kennurum tækifæri til umræðna og leshringja

Kenna aðferðir og leiðir

Koma inn þörf hjá kennurum sjálfum

Skýr og markviss stjórnun

4. Næsti fundur verður mánudaginn 27. nóvember n.k. kl. 10–11 í Þingvallastræti 23, stofu 12. Farið verður yfir „Lykilatriði á sviði sérkennslu“ undir flípa 8 í möppu.

Fleira ekki tekið fyrir  
Birna Svanbjörnsdóttir

## 4. fundur

### Starfshópur um endurskoðun úthlutunarreglna í sérkennslu.

Mánudaginn 27. nóvember 2006 kl. 10-11 í stofu 12 í Þingvallastræti

#### Efni fundar:

1. Yfirferð fundargerðar síðasta fundar
2. Umræða um greinina „Lykilatriði á sviði sérkennslu“ undir flipa 8 í möppu.
3. Hvað á að taka fyrir á næsta fundi?
4. Önnur mál.

1. Engar athugasemdir voru við fundargerðina nema að hún var rangt dagsett, þ.e. 20. okt. í stað 20. nóv.

2. Mikið um sömu atriði sem koma upp í þeim greinum sem lesnar hafa verið. Þær eru byggðar á sömu heimildum.

Á bls. 8 er rætt um mikilvægi þess að bekkjarkennarar fái stuðning frá sérhæfðum kennurum. Hins vegar virðast ekki allir sérkennarar vera tilbúnir til að vinna slíka vinnu og sennilega þyrfti að skilgreina hlutverk sérgreinakennara. Í þessu samhengi skiptir viðhorf kennara gríðarlega miklu máli og eins viðhorf foreldra og fagaðila sem sjá um greiningar á börnum. Oft á tíðum leggja fagaðilar áherslu á að ákveðin börn þurfi tiltekna aðstoð og manninn á sig (tala jafnvel um aðgreiningar) og koma því inn hjá foreldrum sem síðan krefjast þess af skólanum. Mikils væri til vinnandi ef kennarar og aðrir fagaðilar samræmdu skilning sinn á þörfum og úrlausnum fyrir nemendur og gæfu sömu skilaboð til foreldra. Stuðningur getur verið í mismunandi formi, t.d. með því að veita kennurum stuðning sem síðan nýtist öllum nemendum hans, veita nemendum nokkra einkatíma þegar þörf er á og bjóða fleirum nemendum en þeim sem þurfa nauðsynlega stuðning að koma í námsver.

Mikilvægt er að samhengi sé milli stefnu sveitarfélags og starfsumhverfis. Mikið er um tvöföld skilaboð, s.s. aukin fræðileg afköst og árangur skóla og hins vegar stöðu nemenda með sérþarfir, kröfur um gagnkvæmt flæði og faglegt samstarf milli skólastiga og þess að hafa vistun alltaf opna alla daga þannig að starfsfólk þar hefur nær aldrei tók á að taka þátt í neinni vinnu með öðru starfsfólki skólans. Mikil vöntun er á því að allt starfsfólk skólans geti hist og samræmt vinnu sína og viðhorf. Með stöðugum opnunartíma vistunar er komin ofurþjónusta í skólann. Mætti ekki hafa vistun lokaða einhverja daga á ári til að starfsfólkið þar gæti unnið með hinu starfsfólki skólans? Er mögulegt að virkja foreldra meira til þátttöku í skólastarfið til að leysa starfsfólk af?

Fundarmenn voru sammála um að áhersla á faglega umræðu hefur aukist mikið undanfarið, hluti fundartíma er tekinn í slíkt og kennarar beðnir að ígrunda hvað þeir hafa lært t.d. við skólaheimsóknir og hvað var gott og kynna kennsluaðferðir fyrir nýjum kennurum. Þeir töldu kennara á Akureyri almennt vel menntaða.

3. Næsti fundur verður mánudaginn 18. des. kl. 10 í stofu 12 í Þingvallastræti.  
Lesnar verða tillögur að Aðalnámskrá grunnskóla undir flípa 6 í möppu.

4. Sérkennsluhópnum er ætlað að leggja fram tillögur að nýju skipulagi sérkennslumála á Akureyri en umræður spunnust um hvernig skilin ættu að vera og hvenær ætti að skila. Ákveðið var að Birna hefði samband við Gunnar Gíslason og fengi nánari útlistun á vinnunni og skilunum og gerði hópnum grein fyrir því á næsta fundi.

Fleira ekki tekið fyrir.  
Birna Svanbjörnsdóttir



## 5. fundur

### Starfshópur um endurskoðun úthlutunarreglna í sérkennslu. Mánudaginn 18. desember 2006 kl. 10-11 í stofu 12 í Þingvallastræti

#### Efni fundar:

1. Yfirferð fundargerðar síðasta fundar
2. Umræða um skil á vinnunni.
3. Tillögur að Aðalnámskrá undir flípa 8
4. Næsti fundur og hvað tekið fyrir.

1. Engar athugasemdir voru gerðar við síðustu fundargerð.

2. Birna átti fund með Gunnari Gíslasyni föstudaginn 15. des. þar sem farið var yfir væntanleg skil starfshópsins, í hverju þau ættu að felast og hvenær skilað. Greint var frá þessari umræðu á fundinum. Með fylgja minnisþingtar frá þeim fundi.

Fundarmenn sérkennsluhóps töldu það grundvallaratriði að skilgreina hvað sérkennsla væri og t.d. hvert væri hlutverk bekkjarkennara og fagkennara í sambandi við hana og hvernig hægt væri að koma til móts við bæði slaka nemendur og afburðarnemendur.

Hugmynd kom upp að e.t.v. væri hægt að eyrnamerkja vissa fjárupphæð til ráðgjafar, þ.e. að sérkennarar sinntu ráðgjöf.

Rætt var um að biðja Líneyju að fara í gegnum reglurnar eins og þær eru núna.

Talið var mikilvægt að vinna með kennurum í skólunum og það rætt að kennara væru almennt búnir að tala sig niður, þeir væru neikvæðir. Það þyrfti að byggja upp jákvæða og faglega umræðu.

Nýbúakennsla kom til tals, hvernig hún væri skipulögð og í framhaldi af því mikilvægi þess að fá sérdeildir skólanna til að kynna starfsemi sína og þjónustu í skólunum reglulega. Hvert er hlutverk þeirra? Einnig var bent á mikilvægi þess að skólanefndarmenn og bæjarstjóri væru sýnilegir í skólunum, kynntu sér starfsemi þeirra.

Grein um Design Down Process e. Gerði G. Óskarsdóttur var dreift til skoðunar fyrir næsta fund og einnig ákveðið að allir hugsuðu um fyrir næsta fund hvernig skilgreina mætti sérkennslu.

3. Lítil tími vannst til að fara yfir tillögur að Aðalnámskrá en þó var talið að þessar tillögur leggðu enn ríkari áherslu á það en áður að koma þyrfti til móts við alla og að lýðræði væri ríkjandi. Í skólunum á að fara fram nám en ekki kennsla sem skilar ekki námi.

4. Næsti fundur verður mánudaginn **8. janúar kl. 10** í stofu 12 í Þingvallastræti. Hvernig er hægt að skilgreina sérkennslu og ræða Design Down Process.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Birna Svan björnsdóttir

## 6. fundur

### **Starfshópur um endurskoðun úthlutunarreglna í sérkennslu. Mánudaginn 8. janúar 2007 kl. 10-11 í stofu 12 í Þingvallastræti**

#### **Efni fundar:**

1. Yfirferð fundargerðar síðasta fundar
2. Umræða um skilgreiningu á sérkennslu
3. Næsti fundur

1. Engin athugasemd við fundargerð síðasta fundar.

2. Miklar umræður voru um hvernig hópurinn gæti skilgreint hugtakið sérkennslu út frá sér þó að vissulega sé til skilgreining á hugtakinu. Rætt var hvernig sérkennslan horfir við fundarmönnun núna og hvernig þeir vildu sjá hana. Færa þarf þessa umræðu inn í skólana þar sem sérkennslan fer fram.

Rætt var um að eðlilegt væri í bekk að þroskabil barnanna spannaði um 4 ár en það væri ekki þar með sagt að nemendur þyrftu sérkennslu, þeir þyrftu mismunandi markmið og leiðir og nálgun. Oft virðist þó vera kallað eftir sérkennslu til að halda öllum nemendum á sama stað í námsbókunum eða til að ná ákveðnum atkvæðafjölda í lestri óháð þroska þeirra, getu og áhuga hverju sinni. Talið var brýnt að kennarar leggðu áherslu á og spyrðu sig hverju tiltekin vinna skilaði, hver væri árangurinn.

Því var velt upp hvort skólinn skapaði sérkennsluaðstæður með því að gera of miklar og óraunhæfar kröfur um að allir ættu að vera eins og leggja of mikla áherslu á heimanám sem bættist ofan á langan skóladag mörgum til ama. Nær væri að leggja áherslu á markvisst skólastarf og hafa heimavinnuna í lágmarki og ef hún ætti að vera, þá með öðru sniði en yfirleitt tíðkast, t.d. að foreldrar læsu fyrir börn sín og ræddu við þau um textann, að börn tækju þátt í matargerð einu sinni í viku, bökuðu köku, spiluðu, færu á skíði eða sund með foreldrum sínum, þ.e. að hún styrkti bönd foreldra og barna. Kennarar gætu sent upplýsingar heim til foreldra og ábendingar um hvað þeir gætu gert með börnum sínum þá vikuna sem tengdist skólastarfinu.

Mikið er um greiningar og ýmsar kannanir sem kalla á samanburð milli skóla. Talið að sérfræðingaveldi hafi grafið undan sjálfstæði hinna almennu kennara, þeir hlusti ekki lengur eftir hjartanu en samkvæmt Aðalnámskrá ber umsjónarkennari ábyrgð á að nemendur hans læri.

Áhersla var á að meta nám barnanna með fjölbreyttum aðferðum, s.s. nota gátlista, sjálfsmat, foreldramat og meta samskiptapætti jafnt á við aðra færniþætti.

*Skilgreiningu á sérkennslu  
DRÖG*

*Sérkennsla felst í því að finna efni og leiðir sem henta ólíkum nemendum að ná markmiðum sínum með náminu. Koma til móts við nemendur á þeirra forsendum.*

*Sérkennarar vinni með bekkjarkennurum, veiti þeim ráðgjöf og aðstoði þá við að mæta þörfum nemenda sinna. Þeir veiti einnig foreldrum og nemendum ráðgjöf og vinni með þeim.*

*Sérkennari aðstoði kennara við að búa til einstaklingsnámskrár sem unnið verður eftir (bæði fyrir námslega sterk og slök börn).*

Til að þetta geti gengið þurfa markmið að vera skýr og öllum kunn (nemendum, foreldrum og kennurum).

Taka þyrfti hluta af sérkennslukvótanum til að fjármagna svigrúm fyrir almenna kennara að vinna með sérkennara.

Kennarar og nemendur þurfa að þekkjast vel, því gæti verið skilvirkara að sérkennari komi inn í bekk og vinni með flestum nemendum og almenni kennarinn sinni sérkennsluþættinum sem hann hefur fengið ráðgjöf í frá sérkennara.

Sérkennarar gætu þurft stuðning við að breyta starfsháttum sínum, flytja þyrfti sérfræðingana af fjölskyldudeildinni meira út til skólanna til ráðgjafar.

3. Næsti fundur verður mánudaginn 15. janúar kl. 10-11 í Þingvallastræti og ég legg til að þar næsti fundur verði mánudaginn 29. janúar á sama tíma og sama stað.

Þá verður rætt nánar um skilgreininguna og um Design Down Process. Ég sendi einnig hér með skýrslu um vinnu vegna skipulagningar Naustaskóla þar sem stuðst var við DDP ferlið.

Fleira ekki tekið fyrir  
Fundi slitið

Birna Svanbjörnsdóttir

## 7. fundur

### Starfshópur um endurskoðun úthlutunarreglna í sérkennslu.

Mánudaginn 8. janúar 2007 kl. 10-11.15 í stofu 12 í Þingvallastræti

#### Efni fundar:

1. Yfirferð fundargerðar síðasta fundar, umræða um skilgreiningu á sérkennslu
2. Er hægt að nota design, down process (DDP) til að skapa umræðu og breyta viðhorfum hjá kennurum?
3. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar var rangt dagsett og það vantaði að skrá einn fundarmann. Þetta hefur verið leiðrétt.

Mikil umræða var um hvernig hópurinn gæti sammælst um skilgreiningu á sérkennslu en lokaniðurstaða fundarins varð sú að Drögin að skilgreiningu frá síðasta fundi gætu staðið með þeirri viðbót að sérkennari tæki þátt í að virkja nemendur, gera þá að meiri þátttakendum í náminu og eins að taka það fram að skoða þyrfti hvert einstakt tilvik fyrir sig. Í vissum tilvikum þyrftu nemendur á því að halda að vera teknir úr tíma, fá nokkurs konar afdrep. Þannig mætti ekki eingöngu líta á sérkennara sem ráðgjafa.

*DRÖG 2 líta þá svona út:  
Skilgreiningu á sérkennslu*

*Sérkennsla felst í því að greina námsþarfir nemenda og finna efni og leiðir sem henta ólíkum nemendum að ná markmiðum sínum með náminu. Koma til móts við nemendur á þeirra forsendum og virkja þá í eigin námi.*

*Sérkennarar vinni í vissum tilvikum beint með nemendum en mest með bekkjarkennurum, veiti þeim ráðgjöf og stuðning og aðstoði þá við að mæta þörfum nemenda sinna. Þeir veiti einnig foreldrum og nemendum ráðgjöf og vinni með þeim.*

*Sérkennari aðstoði kennara við að búa til einstaklingsáætlanir sem unnið verður eftir (bæði fyrir námslega sterk börn og slök börn).*

*Skoða þarf hvert einstakt tilvik fyrir sig.*

Umræða spannst einnig um að hugtakið sérkennsla kallaði á stimplun sem ætti að reyna að forðast, réttara væri að tala um einstaklingsmiðaða kennslu.

2. Rætt var hvernig breyta mætti viðhorfum hjá kennurum og hvernig DDP gæti nýst til þess. Skólarnir telja sig vera búna að prófa ýmsar leiðir til að gera kennara ábyrga fyrir nemendahópum en sumir kennarar virðast ekki telja sig í stakk búna til að taka þá ábyrg,

Þeir þurfa aðstoð til þess. Það þarf að breyta viðhorfum þeirra, styrkja sjálfsvitund þeirra og fagvitund og hugsanlega væri DDP leið til þess

Umræða var um hvernig þátttakendur í sérkennsluhópnum gætu komið af stað umræðum og miðlað upplýsingum af sérkennslufundunum en smám saman þarf hópurninn að móta sér stefnu sem hann getur kynnt og kallað til umræðu um í skólunum.

Þátttakendur voru sammála um að mikil og gagnleg umræða ætti sér stað á sérkennslufundunum.

Bent var á að skoða þyrfti sjónarhorn barna þegar skólamál eru rædd, ekki binda sig of mikið við kennara og velta fyrir sér spurningum eins og:

Hvernig líður nemendum í skólunum?

Er hlustað á nemendur, fá þeir að vera virkir þátttakendur í skólastarfinu?

Er hraðinn of mikill í skólunum?

Er skólinn leiðinlegur fyrir stráka?

Af hverju eru nemendur órólegir á miðstigi (5. og 6. bekk)?

Tillögur að endurbótum varðandi sérkennslu:

Að veittur verði meiri stuðningur til sérkennara, meiri ráðgjöf í skólunum...

Að greiningum fylgi vísbending um hvert kennarar geti leitað fanga til að takast á við þann vanda sem nemendur eiga við að glíma og að eftirfylgni eigi sér stað við kennara, það sér persónulegt samband og nálægð.

Minnt á mikilvægi þess að velta fyrir sér hvort skólinn kalli á vandræði með heimanámi, miklum hraða og kröfum til nemenda.

3. Næsti fundur verður mánudaginn 29. jan. kl. 10-11 á sama stað.

Fundarmenn komi með hugmyndir að tillögum eða punktum til úrbóta til að setja inn í skýrsluna.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Birna Svanbjörnsdóttir

## **8. fundur**

### **Starfshópur um endurskoðun úthlutunarreglna í sérkennslu.**

**Mánudaginn 29. janúar 2007 kl. 10-11.15 í stofu 12 í Þingvallastræti**

#### **Efni fundar:**

1. Athugasemd við fundargerð síðasta funda.
2. Stefna fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu
3. Næsti fundur

1. Athugasemd var gerð við orðalag í 2. lið síðustu fundargerðar þar sem stóð að kennarar tækju ekki ábyrgð, frekar ætti að standa að þeir teldu sig ekki í stakk búna til að taka ábyrgð og þyrftu aðstoð við það. Þetta hefur verið lagfært.

2. Fyrir fundinn lásu fundarmenn stefnu Reykjavíkur um sérkennslu og í umræðum um hana spunnust ýmsar umræður um sérkennslu. Einnig langaði fundarmenn að heyra hver þróunin hefur orðið eftir þessa stefnu, hafa orðið breytingar, hefur ástandið batnað, hefur verið skrifuð áfangaskýrsla?

Rætt var að ekki virtist breyta miklu varðandi ósk um sérkennslu þó að bekkir væru fámennir. Það þarf að vinna með og breyta hugarfari gagnvart sérkennslu eða kennslu-eða námsaðlögun sem e.t.v. væru betri orð. Þegar búið er að greina nemendur er eins og kennarar varpi stundum ábyrgðinni frá sér.

Skoða mætti kennaramenntunina. Kenna þarf kennurum fagmennsku, lestur, um sérþarfir og hegðun. Sumir nýútskrifaðir kennarar eru óöruggir í lestrarkennslu og vita lítið um sérþarfir og hegðun. Slík námskeið þurfa að vera í gangi fyrir kennara almennt.

Umræða var um úthlutunarreglurnar nú og áður. Mestur friður virðist hafa verið um það kerfi sem er núna en það veitir sérstöku fjármagni til nemenda með miklar sérþarfir eða fötlun en að auki fær skólinn almenna sérkennslupeninga. Taka þarf skýrt fram að skóli getur ráðstafað þessum peningum á mismunandi hátt, það þarf ekki að leggjast beint á nemendur, hægt er að eyrnamerkja þá kennurum með því að gefa þeim ákveðinn tíma til ráðgjafar og samvinnu. Talið var mikilvægt að ýta undir þetta.

Þeir peningar sem koma inn í sérdeildirnar geta stundum nýst öðrum nemendum. Þeir skólar sem ekki hafa sérdeildir hafa minna svigrúm hvað þetta varðar. Þeir hafa jafnvel nemendur sem gætu átt heima í sérdeildum, s.s. nýbúar og einhverfir en eru í þeirra skólum vegna vals foreldra um skóla. Skólarnir þurfa þá að greiða úr almenna pottinum fyrir þessa nemendur að einhverju leyti þó að þeir fái einhverja þjónustu frá sérdeildunum. Hugsanlega væri hægt að skoða hvort hægt væri að breyta fyrirkomulaginu á þessu með einhverjum hætti.

Sérdeildir veita ráðgjöf en erfitt getur verið að finna tíma til að veita hana og sækja.

Ákveðið var að skoða nánar áherslupunkta úr stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur; gera námið starfstengdara t.d. með samvinnu vinnuskóla (gott væri ef vinnuskólinn væri allt árið), atferlisþjálfun, stuðningsteymum og samvinnu kennara í kennslunni þvert á árganga.

3. Næsti fundur verður mánudaginn 5. febrúar kl. 10 í Þingvallastræti. Reynt verður að fá Gunnar Gíslason á fundinn til að ræða áherslurnar framundan og árangur af stefnu Reykjavíkurborgar.

Birna dregur saman helstu punkta frá fundum vinnuhópsins fyrir fundinn og þeim verður boltað á milli fundarmanna

Fleira ekki tekið fyrir  
Fundu slitið

Birna Svanbjörnsdóttir

## 9. fundur

### Starfshópur um endurskoðun úthlutunarreglna í sérkennslu. Mánudaginn 5. febrúar 2007 kl. 10-11.15 í stofu 12 í Þingvallastræti

#### Efni fundar:

1. Greinarnar: *Hver einasti nemandi er sérstakur. Um breytt hlutverk sérkennara í skóla án aðgreiningar* eftir Eirík Brynjólfsson 2007 og *Felst velgengni Finna í Písarannsóknnum í smáu atriðunum? Almenn kennsla og sérkennsla í Finnlandi* eftir Frans Ørsted Andersen 2007.
2. Fundargerð síðasta fundar.
3. Næstu skref.

1. Nýtt tölublað Fagttímarits Félags íslenskra sérkennara, Glæður, kom út á dögnum og var rætt um innihald tveggja greina sem birtust þar, annars vegar grein Eiríks Brynjólfssonar um breytt hlutverk sérkennara og hins vegar þýdda grein þar sem gerður er samanburður á danska og finnska skólakerfinu.

Í grein Eiríks koma fram mörg sjónarmið sem fundarmenn gátu tekið undir og styðja við þá umræðu sem hefur átt sér stað í sérkennsluhópnum undanfarið, s.s. það að hlutverk sérkennara eigi einkum að felast í ráðgjöf til kennara og greiningu námsþarfa hjá nemendum. Það á ekki að aðgreina nemendur, engir tveir nemendur eru eins og því allir sérstakir með mismunandi þarfir.

Í Finnlandi er öflug sérkennsla sem birtist í stuðningsaðgerðum í bekkjunum, þar eru nemendur með athyglisbrest eða lestrarerfiðleika ekki aðskildir frá bekknum heldur taka þátt í öllu kennsluferlinu (bls. 12 og 15). Þar er m.a. mikil áhersla lögð á fagvitund kennara, fjölbreytta kennsluhætti, bekkjarkennara með nemendum úti í öllum frímínútum, uppeldismenntaða stuðningsfulltrúa sem geta einnig sinnt forfallakennslu og eldri borgara sem koma inn í skólana og með ró sinni og þátttöku eru ómetanlegt afl í skólasterfinu.

Byggja þarf upp jákvætt viðhorf, samvinnu og sameiginlega ábyrgð kennara, fagmennsku og ráðgjöf. Breyta þarf áherslunni frá því að kenna fag í að kenna nemendum.

2. Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.

3. Varpað var upp ýmsum spurningum um hvað þyrfti að koma fram í skýrslunni frá okkur:

Hvernig sjáum við sérkennsluna best unna?

Er hægt að hafa úthlutunina öðruvísi?

Hvaðan eru teknir peningar til að aðstoða börn með hegðunarerfiðleika og hvernig er unnið með þau?

Hver er réttur þeirra sem ekki eru til „vandræða“?

Er hægt að nýta betur en gert er þá tíma sem til eru innan skólans? (t.d. 150 tímar yfir árið)

Hefur verið unnið eftir stefnu Reykjavíkurborgar í sérkennslumálum?



Hvernig verja kennarar tímum sínum í samvinnu við aðra kennara? Ræða þeir kennslufræðilega þætti, markmið og leiðir og vinna þeir saman í sjálfri kennslunni eða einungis á fundum eftir kennslu? (sjá Önnu Kristínu Sigurðardóttur 2006 og Evrópumíðstöð).

**Næsti fundur verður mánudaginn 12. febrúar 2007 kl. 10 í Þingvallastræti, stofu 12.**

Allir verði búnir að lesa yfir allar fundargerðir fyrir þann fund og merki við og punkti hjá sér mikilvæga þætti. Lesi einnig aftur yfir erindisbréfið og tölulegar upplýsingar fremst í möppunni.

Birna verður búin að setja niður einhverja punkta til að vinna út frá.

Gert er ráð fyrir að Gunnar Gíslason komi á fundinn og ræði við okkur um úthlutunarreglurnar og afrakstur af stefnu Reykjavíkurborgar í sérkennslumálum.

Fleira ekki tekið fyrir.  
Fundi slitið  
Birna Svanbjörnsdóttir

## 10. fundur

### Starfshópur um endurskoðun úthlutunarreglna í sérkennslu.

Mánudaginn 12. febrúar 2007 kl. 10-11.30 í stofu 12 í Þingvallastræti

#### Efni fundar:

1. Gunnar Gíslason greinir frá viðmiðunarreglum og skilum – umræða um áherslur
2. Staðan nú og næstu skref.
3. Næsti fundur

1. Gunnar greindi frá því að búið væri að fjölga sérúrræðum á Akureyri frá síðustu úthlutun og að tilhneiging væri hjá skólum til að láta frá sér erfið mál. Markmiðið er hins vegar að skipta fjármagni á réttlátan hátt og ljóst er að í þeim skólum sem sérdeildir eru starfræktar er meira svigrúm til ráðstöfunar fjármagns og úrræða. Hugsanlega þyrfti að finna leið til bæta þeim skólum upp sem ekki hafa sérdeildir.

Allt skólastarfið snýst um að mæta þörfum hvers og eins, hvernig gerum við það? Við þurfum að tala sama tungumál, ekki skýla okkur á bak við tímafjölda heldur finna lausnir. Nú verja kennarar u.þ.b. 35% vinnustunda sinna með nemendum meðan leikskólakennarar verja um 75% síns vinnutíma með börnunum.

Allir peningar til sérkennslu hafa verið settir til skólanna í einu lagi en ráðlegt er að skólarnir ráðstafi ekki öllu fénu strax því það geta komið nemendur eða tilfelli sem breyta aðstæðum á miðjum vetri.

Fyrir liggja skýrslur mismunandi vinnuhópa með ýmsum úrræðum sem nýst gætu í skólunum til framþróunar og eins hefur kennurum verið boðið að taka þátt í námskeiðum þar að lútandi en svo virðist sem þessi vinna skili sér ekki inn í hin daglegu störf skólanna af einhverjum ástæðum. Þessu þarf að breyta.

Líney greindi í stuttu máli frá reglum um viðmið á úthlutun sérkennslustunda og sagði að fyrsti liðurinn væri sá hópur sem settur hefði verið undir jöfnunarsjóð fyrir breytingu. Hún lagði áherslu á að við úthlutun væri ígrundað mjög vel hvað hver nemandi þyrfti og reynt eftir bestu getu að koma til móts við þarfir þeirra.

Hluti starfshópsins er tvístígandi um hvort taka megi út einhver viðmið til úthlutunar og auka í staðinn almenna kvótann og skiptar skoðanir voru um það hvort eyrnamerkja ætti ákveðinn hluta sérkennslupeninga kennurum.

Rætt var um mikilvægi þess að sérkennsla væri sveigjanleg og auka þyrfti ábyrgð sérkennara. Einnig var lögð rík áhersla á að nýta sérdeildirnar til ráðgjafar. Hugsanlega er samráðið milli skóladeildar, fjölskyldudeildar og skólanna um úthlutunartíma ekki nægjanlegt.

2. Meginniðurtöður starfshópsins virðast einkum vera þrjá, þ.e.:

- Að breyta þarf viðhorfi eða hugarfari til sérkennslunnar í skólunum
- Breyta þarf innra skipulagi sérkennslunnar, auka ráðgjöfina frá sérkennurum og sérdeildum.
- Breyta vinnufyrirkomulagi kennara, efla fagleg kennarateymi og samvinnu og auka ábyrgð kennaranna. Byggja þarf upp stuðning við kennara og hjálpa þeim

áfram, t.d. með aðstoð aðferða- og úrræðakennurum (sjá stefnu Reykjavíkurborgar bls. 10).

Skólastjórnendur bera ábyrgð á að framfylgja breytingum en hvernig geta þeir staðið að þeim, hver gætu verið fyrstu skrefin? Við þurfum að koma með leiðbeina þeim með það í skýrslunni.

Mikill samhljómur er milli niðurstaðna starfshópsins og hugmynda Ragnheiðar Gunnbjörnsdóttur sem birtast í meistaraprófsritgerð hennar um einstaklingsnámskrár. Hugsanlega væri hægt að fá Ragnheiði til að vera skólunum innan handar um breytingar.

3. Næsti fundur verður mánudaginn 26. febrúar kl. 10 í Þingvallastræti.

Fram að þeim tíma verður hópurinn í tölvusambandi. **Skila á skýrslunni í lok þeirrar viku (2. mars).**

Gunnar Gíslason ætlar að senda okkur dæmi um hvernig fjárhagurinn getur dreifst mismunandi eftir því hvernig veitt er til almenna kvótans og sérkennslunnar.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Birna Svanbjörnsdóttir.

## 11. fundur

### Starfshópur um endurskoðun úthlutunarreglna í sérkennslu.

Mánudaginn 26. febrúar 2007 kl. 10-12 í stofu 12 í Þingvallastræti

#### Efni fundar:

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar
2. Drögin að skýrslunni lesin og rædd
3. Farið yfir viðmið um úthlutun sérkennslutíma
4. Skoðuð gögn frá Gunnari Gísla um hvernig fjárhagurinn dreifist eftir því hversu mikið er veitt til almenna kvótans.
5. Næsti fundur

1. Bent var á eitt atriði varðandi orðalag í fundargerð þar sem sagt er frá viðmiðunarreglunum. Það hefur verið lagað.

2. Drögin að skýrslunni voru samlesin og rætt um nokkra þætti sem þyrfti að leggja aukna áherslu á og aðra sem mætti draga úr. Lögð var áhersla á að ekki væri um að ræða að kollvarpa neinu í sambandi við úthlutun en reynt að sveigja til og breyta viðhorfum. Hins vegar var bent á að nauðsynlegt væri að sleppa takinu af einhverjum þáttum til að breytingar geti orðið. Vilji er til að draga úr misskiptingu og jafna stöðu skólanna þannig að þeir skólar sem ekki hafa sérdeildir hjá sér fái fleiri tíma, t.d. með því að auka almennu úthlutunina.

Ákveðið var að setja fundargerðir með skýrslunni sem fylgiskjöl, hugsanlega draga þær aðeins saman.

Rætt um mikilvægi þess að bjóða kennurum upp á námskeið í samskiptafærni og samvinnu og kenna þeim vinnubrögð til að koma á samvinnu og bættum samskiptum. Skoða þarf mannaúð í hverjum skóla og samnýta kraftana.

Miklir peningar eru lagðir í sérskóla og gert ráð fyrir að nemendur staldri þar við sem styst en komi svo aftur í sína heimaskóla. Því er talið mjög brýnt að þessir skólar veiti markvissa fræðslu út í skólana, vinni með þeim og aðstoði þá við að taka við nemendunum á ný.

3. Farið var yfir viðmiðunarreglurnar við úthlutun sérkennslu og komist að þeirri niðurstöðu að sérkennsluhópurinn gerði tillögur að breytingum á því vinnuþlaggi. Birna setur niður drög að þeim tillögum fyrir næsta fund.

4. Lítil tími vannst til að skoða gögnin frá Gunnari Gísla en þau verða send öllum fundarmönnum í tölvupósti til frekari skoðunar.

5. Næsti fundur og jafnframt sá síðasti verður fimmtudaginn 1. mars kl. 13 og þá verður farið yfir lokadrög. Gert er ráð fyrir að skýrslunni veðri skilað í byrjun næstu viku.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið  
Birna Svanbjörnsdóttir

## 12. fundur

### Starfshópur um endurskoðun úthlutunarreglna í sérkennslu.

Fimmtudaginn 1. mars 2007 kl. 13–14.30 í stofu 12 í Þingvallastræti

#### Efni fundar:

1. Nýjustu drög að greinargerðinni og tillögur að viðmiðum við úthlutun sérkennslu lesin og rædd.
2. Næsti fundur og skil

1. Greinargerðin er að taka á sig mynd og eru fundarmenn sammála um megin innihald hennar. Mikil áhersla er á að komið sé til móts við þarfir nemenda með margvíslegum hætti og að ekki sé litið svo á að ákveðnir nemendur eigi ákveðna tíma heldur fái skólinn fjármagn til að mæta þörfum nemenda. Æskilegt er að hafa ólíka nemendur sem mest saman og fækka nemendum í sérdeildum og sérskólum eins og kostur er og telur starfshópurinn að með breyttum áherslum í skólastarfi þar sem sérkennari sinnir í auknum mæli ráðgjöf og stuðningi og þar sem kennarar vinna saman og beita fjölbreyttum kennsluháttum megi betur koma til móts við þarfir nemenda.

Í tillögum um viðmið við úthlutun sérkennslustunda er lagt til að ákveðið fjármagn verði lagt til skólanna til að mæta þörfum nemenda með ADHD, óyrta námsörðugleika og hegðunarröskun og að hver skóli geri rökstudda áætlun um hvernig hann hyggist mæta þörfum allra nemenda. Hugsunin á bak við þessa aðgerð er að breyta viðhorfum til sérkennslu, að ekki þurfi að liggja að baki lækni- og fræðilegar greiningar til að koma til móts við nemendur heldur kennslufræðilegar. Með þessu ætti líka að skapast aukið svigrúm fyrir skólana til að breyta áherslum í skólastarfi. Í drögunum var ekki rætt sérstaklega um viðmið Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og þau talin falla undir þarfir nemenda almennt en fundarmenn óskuðu eftir því að bætt yrði inn í tillöguna hvernig skóli hygðist mæta nemendum með greiningar sem Jöfnunarsjóður veitti fjárveitingu til. Það var gert.

2. Fundarmenn lesa *lokadrög* fyrir næsta fund sem verður mánudaginn 5. mars kl. 10.

Fleira ekki tekið fyrir  
Fundi slitið  
Birna Svanbjörnsdóttir

### **13. fundur**

#### **Starfshópur um endurskoðun úthlutunarreglna í sérkennslu.**

**Miðvikudaginn 7. mars 2007 kl. 14.30-15.15 í stofu 12 í Þingvallastræti.**

#### **Efni fundar:**

1. Lokayfirferð vegna greinargerðar.

Nokkrar athugasemdir voru gerða um málfar og var tekið tillit til þeirra.

Lögð var áhersla á að miða þyrfti við 5-7% nemenda að jafnaði með ADHD, óyrta námsörðugleika og hegðunarraskanir en þó bent á að ekki hefðu verið gerðar kannanir á fjölda barna á Akureyri sem tilheyrðu þessum hópi og e.t.v. væri ekki úr vegi að skoða stöðuna hér hvað þetta varðaði.

Fulltrúar Glerárskóla og Brekkuskóla lögðu fram sérbókun og gerðu grein fyrir henni.

Rætt var um að til að koma á lærdómssamfélagi og gera útbætur gæti kostað aukin fjárútlát og bent á að hugsanlega gæti aukið fjármagn þróunarsjóðs komið þar að gagni.

Ákveðið að senda greinargerðina til Skóladeildar að loknum þeim lagfæringum sem ræddar voru.

Fundarmönnum þakkað samstarfið.

Fundi slitið

Birna Svanbjörnsdóttir.

## **Sérbókun**

Við undirrituð fulltrúar í starfshópi á vegum skólanefndar, sem samkvæmt erindisbréfi var ætlað að endurskoða viðmiðunarreglur vegna úthlutunar sérkennslustunda til grunnskólanna, leggjum fram eftirfarandi bókun sem verður fylgiskjal með skýrslu starfshópsins.

Við í starfshópnum höfum verið samstíga í þeirri vinnu sem okkur var ætlað að sinna og bendum á áhugaverðar tillögur og hugmyndir að lausnum sem ganga í þá átt að bæta sér- og stuðningskennslu í grunnskólum Akureyrar. Í skýrslunni má finna mörg dæmi þessu til staðfestingar.

Við erum samstíga starfshópnum hvað varðar tillögur að viðmiðum er snerta tímaúthlutun til sér- og stuðningskennslu sem settar eru fram í skýrslunni.

Til viðbótar þessum viðmiðum leggjum við áherslu á að þeir skólar sem ekki hafa sérdeildir fái úthlutað ákveðnu tímamagni til að jafna þann mismun í þjónustu við nemendur sem skapast hefur milli skóla. Skólar með sérdeildir hafa betri tækifæri til hagræðingar og tilfærslu á fjármagni vegna sér- og stuðningskennslu en skólar sem ekki hafa sérdeildir.

Halldór Gunnarsson  
Elín E. Magnúsdóttir  
Helga Sigurðardóttir